



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2021

2104044SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði MRN (öflun sakavottorða), mál nr. 715.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs), mál nr. 715.

Eins og segir í frumvarpinu er það liður í að auka öryggi viðkvæmra hópa í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstörfum, þá helst barna og ungmenna. Með frumvarpinu er verið að samræma ákvæði um ráðningarbann í fjölda laga á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Kveðið er á um bann við ráðningu starfsfólks sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrotakafli). Þá kemur inn það nýmæli að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, meðal annars að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Bannið tekur einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum á grundvelli laganna. Til að framfylgja því banni skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu. Að auki er gert ráð fyrir því nýmæli að vinnuveitanda sé heimilt að kalla eftir þessum upplýsingum einu sinni á ári til að tryggja að starfsmenn uppfylli skilyrði fyrir starfi. Viðkomandi starfsmaður mun alltaf vera upplýstur um þessa upplýsingaöflun þar sem vinnuveitandi þarf að óska eftir að viðkomandi leggi fram sakavottorð á ný eða óska eftir heimild viðkomandi til að kalla eftir endurnýjun á sakavottorði.

Afstaða sambandsins


Líkt og fram kemur í frumvarpinu sendi sambandið erindi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem gerð var tillaga um fyrrgreindar breytingar á lögum um leik- og grunnskóla. Málið er til komið vegna ábendinga um að bagalegt sé að vinnuveitendur þeirra aðila sem starfa með börnum geti ekki aflað upplýsinga úr sakaskrá nema við ráðningu. Þannig getur það komið til að starfsmenn brjóti af sér og fari á sakaskrá eftir ráðningu án þess að vinnuveitandi geti aflað upplýsinga um það.

Sambandið hefur komið með ábendingar við frumvarpið á vinnslustigum þess og hefur ráðuneytið brugðist við þeim með breytingum á frumvarpinu. Sambandið telur því ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið en telur rétt að ítreka það sem fram kemur í greinargerð að mikilvægt er að ekki verði

breytingar á þeirri framkvæmd að sveitarfélög hafi ekki þurft að greiða sérstaklega fyrir staðfestingu frá Sakaskrá á því að sakarferill sé til staðar.

Með vísan til framangreinds er sambandið mjög fylgjandi frumvarpinu og styður að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri